

LANDPÓSTURIN

3. tbl. 11. árg. Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík. ábm.: Matthildur Kr. Elmarsd

Nýtt starfsár Félags landfræðinga 1999-2000

Aðalfundur Félags landfræðinga var haldinn 10. mars s.l. Þar mættu 13 manns. Þau mannskipti urðu í stjórn félagsins að Sunna Ósk Logadóttir tók við af Guðrínu Ólafsdóttur. Að venjulegum aðalfundarstörfum loknum fluttu Sunna Ósk og Kristín Ágústsdóttir erindi um lokaverkefni sín til B.S. prófs í landafræði. Lokaverkefni þeirra fjölluðu um hesta- og jeppaferðir á hálendi Íslands.

Stjórnin hvetur þá sem hafa áhuga á að taka þátt í félagsstarfinu að hafa samband við einhvern stjórnarmanna. Mörg áhugaverð verkefni biða úrlausnar: Kynning á félaginu út á við, íðorðastarf, ráðstefnuhald, og þannig mætti lengi telja. Framlag þitt er vel þegið!

Fræðslufundir í apríl

Á næstunni verða tveir fræðslufundir á vegum félagsins um afar ólík efni:

- Miðvikudagskvöldið **14. apríl** mun Ingunn Bjarnadóttir landfræðingur flytja erindi er hún nefnir: „Byggðapróun á Íslandi – Starfsemi Þróunarsviðs Byggðastofnunar á Sauðárkróki.“

Þróunarsvið Byggðastofnunar var flutt til Sauðárkróks þann 1. júlí 1998. Flutningunum fylgdu nýir starfskraftar – landfræðingar þeirra á meðal – sem hafa verið og eru að móta sér starfsvettvang. Í erindinu er ætlunin að kynna starfsemi þróunarsviðsins, en við þessar nýju aðstæður hefur verið farið inn á nokkuð nýjar brautir. Raktar verða orsakir fólksflutninga og aðgerðir sem lagðar eru til í hinni nýju byggðastefnu, sem samþykkt var á Alþingi nýverið. Það er að stórum hluta verksvið þróunarsviðsins að koma þessum aðgerðum í framkvæmd. Einnig verður greint frá samstarfsaðilum þróunarsviðsins, Byggðabránni sem notuð er til funda og fjarkennslu landshorna á milli, rannsóknunum og fleiru.

- Miðvikudagskvöldið **28. apríl** verður Sigurjón Baldur Hafsteinsson forstöðumaður Ljósmyndasafns Reykjavíkur með erindi sem hann nefnir „Landslagsljósmyndin sem vegvísir þjóðar“. Sigurjón hefur rannsakað landslagsljósmyndir sem hluta af orðræðu Íslendinga um íslenskt þjóðerni. Hann ræðir í erindi sínu um tvo meginþætti; annars vegar um samspil íslenskra landslagsljósmynda og texta og hins vegar táknrænt gildi þeirra.

Fræðslukvöldin verða í stofu 201 í Odda og hefjast kl. 20.30.

Áður auglýstum fyrirlestri sem vera átti um miðjan maí er frestað til haustsins.

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 1998-1999

Ágætu félagsmenn.

Þá er að ljúka tólfða starfsári Félags landfræðinga. Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 31. mars 1998 í Odda, Háskóla Íslands. Þar mættu 10 manns.

Á fundinum gengu þrír úr stjórn, eða þau Guðrún Halla Gunnarsdóttir, formaður, Kristinn Einarsson og Sigmar Metúsalemsson. Karl Benediktsson var kosinn formaður í stað Guðrúnar Höllu og einnig voru kjörin til stjórnarsetu Sigurgeir Skúlason og Matthildur Kr. Elmarsdóttir. Áfram sátu í stjórn Helga Barðadóttir og Guðrún Ólafsdóttir. Endurskoðendur reikninga félagsins, Árni Þór Vésteinnsson og Tryggvi Jakobsson, voru endurkjörnir. Engar tillögur bárust um breytingar á lögum. Eigi var að heldur ráðist í að breyta árgjaldi, sem verið hefur kr. 2000 um nokkurra ára skeið.

Stjórnin skipti sem hér segir með sér verkum á fyrsta fundi sínum: Karl formaður, Matthildur varaformaður, Helga ritari, Sigurgeir gjaldkeri og Guðrún meðstjórnandi og fulltrúi stjórnar í ritnefnd.

Störf stjórnar:

Formlegir stjórnarfundir á starfsárinu voru sjö, auk smærri vinnufunda, samtala, simbréfa og nokkur hundruð rafræna póstsendinga, en reynt var að afgreiða sem flest mál í gegnum tölvupóst. Á fundum sínum ræddi stjórnin aðskiljanlegustu málefni eins og stjórna er háttur. Skipulag fræðslufunda og útgáfumál tóku mestan tíma, en einnig má nefna umsagnir um þingmál, gjaldskrá Landmælinga Íslands, ráðstefnu, kynningarmál félagsins og fleira.

Félagar og heimtur:

Félagsmönnum hefur nokkuð fjölgað á árinu. Nýlega útskrifaðir landfræðingar hafa bæst í hópinum og auk þess hefur landfræðinemum verið boðin aukaaðild, svo sem lög félagsins heimila. eru félagar nú alls 176, þar af 18 stúdentar. Erlendis dvelja 6 félagsmenn um þessar mundir, við framhaldsnám eða störf. Árgjald guldu 109 fyrir 1998, sem teljast þökkalegar heimtur miðað við undangengin ár. Betur mætti þó gera.

Félagaskráin var tekin til endurskoðunar og uppfærslu. Reynt var eftir föngum að leiðrétta úrelt heimilisföng og bæta inn netföngum og öðrum upplýsingum sem vantaði fyrir marga félagsmenn. Þetta tókst bærilega og rata nú flestar póstsendingar á rétta staði. Rafrænar sendingar á tölvupóstlistann landpostur@os.is hverfa sporlaust út í eterinn og eru vonandi lesnar þar sem þær lenda.

Útgáfumál:

Fréttabréfið Landpósturinn kom út sex sinnum á starfsárinu og sá Matthildur Kr. Elmarsdóttir um útgáfu þess. Síðustu heftin voru einungis raungerð á pappír og send út í sniglpósti til hluta félagsmanna, en rafræn útgáfa var látin duga til þeirra sem sannanlega lifa virku netlífi. Tölvupóstlistinn hefur ennfremur verið notaður til að koma öðrum upplýsingum og tilkynningum til þeirra sem á hann eru skráðir, þegar ekki hefur þótt ástæða eða verið tími til útgáfu formlegs Landpósts.

Tímaritið Landabréfið kom út snemmsumars, með fjölbreyttum greinum af ýmsu tagi. Því ritstýrði Niels Bjarki Finsen, en auk hans sátu í ritstjórn Guðrún Ólafsdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Árni Þór Vésteinnsson. Var stefnan sett á útgáfu næsta Landabréfs á vordögum 1999 og tók Guðrún Ólafsdóttir að sér efnislega ritstjórn þess.

Allmiklar umræður urðu í stjórn og ritstjórn um markmið útgáfunnar og leiðir, og var samþykkt að reyna að taka upp virkari ritstjórn og jafnvel vísi að ritrýningu, í því skyni að auka veg og álit tímaritsins. Er það skoðun núverandi formanns að Landabréfið geti orðið mikilvægt tæki til að sýna umheiminum, sem og landfræðingum sjálfum, hvern sess landfræðinni ber með réttu á meðal vísinda og fræða hérlendis. Það er hins vegar meira en að segja það að breyta Landabréfinu í vandaðan fræðilegan vettvang, og ekki síður að gera útkomu þess árvissari en verið hefur. Það hefst ekki nema fleiri gefi kost á sér til starfa í ritnefnd og umfram allt að fleiri fái köllun til fræðilegra skrifta en verið hefur.

Fræðslufundir:

Sem fyrr hefur verið haldið úti röð fræðsluerinda á vettvangi félagsins. Fræðslufundirnir hafa allir verið haldnir í stofu 201 í Odda. Þeir hafa verið auglýstir í dagblöðum og hafa sumir fengið kynningu í útvarpi. Mæting hefur verið nokkuð misjöfn, en yfirleitt þokkaleg.

- Karl Benediktsson flutti erindi 16. apríl 1998 er hann nefndi „Goroka kol ples: Frá Papúu Nýju Gíneu“. Þar sagði hann frá nýlega loknu doktorsverkefni sínu. Á fundinn mættu um 40 manns.
- Gerda Priestley, kennari við Universidad Autonoma de Barcelona, fjallaði þann 15. september 1998 um uppbyggingu á ferðamannastöðum á Spáni og ferðamálanám á háskólastigi í því herjans mikla ferðamenskulandi. Fundinn sóttu 28 manns.
- Hjalti J. Guðmundsson sagði frá umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar þann 21. október 1998, en hann stýrir nú verkefni á vegum borgarinnar um Staðardagskrá 21. Fundargestir voru 20.
- Karl Benediktsson og Óskar Eggert Óskarsson fluttu erindi 28. janúar 1999 um „Ungt fólk á Austurlandi“, eða nánar tiltekið um könnun sem þeir unnu að á haustmánuðum 1998 um viðhorf ungmenna fyrir austan til búsetu og atvinnulífs á svæðinu. Á fundinn mættu 11 manns.

Skemmtan:

En landfræðingurinn lifir ekki á einum saman fræðslufundum. Til að efla samkennd félagsmanna var efnt til kráarkvölds í Djúpinu á jólafostu. Þangað mættu um 20 félagar.

Sérstakri skemmtinefnd var síðan komið á laggimar í byrjun árs 1999. Hana skipa Axel Valur Benediktsson, Kristín Ágústsdóttir, Hjalti J. Guðmundsson og Helga Barðadóttir, sem verið hefur fulltrúi stjórnar. Eldskím skemmtinefndar var skipulagning göugleði þann 27. febrúar 1999, sem nefndin leysti af hendi með stakri þrýði. Gegndi göugleðin hlutverki árshátíðar, en fornleg samkunda af því tagi hefur ekki verið haldin um nokkurt skeið. Matargestir urðu á fjórða tuginn.

Ráðstefna:

Ásam með LÍSU – samtökum um landupplýsingar á Íslandi fyrir alla, og Íslenska kortagerðarfélaginu, stóð félagið fyrir hálf dags ráðstefnu fimmtudaginn 17. september 1998 á Grand Hótel Reykjavík undir yfirskriftinni „Grunnur nýrrar aldar“. Var þar fjallað um stöðu og horfur í stafrænni grunnkortagerð á Íslandi. Ráðstefnuna sóttu yfir 100 manns og þótti takast með ágætum, en Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir framkvæmdastjóri LÍSU bar hitann og þungann af framkvæmdinni.

fundum stjórnar hefur verið rætt um að halda ráðstefnu með hausti, en ekkert er eðlið í þeim efnum. Ekki er úr vegi að athuga með samvinnu við önnur félög um stefnu um tiltekin efni, að fenginni góðri reynslu af slíku samstarfi.

nur mál:

Umsagnir voru veittar um 6 þingmál á starfsárinu. Þetta voru eftirfarandi mál:

- Frumvarp til laga um eignarhald á og nýtingu auðlindum í jörðu
- Frumvarp til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu og gjald fyrir nýtingu þeirra
- Frumvarp til laga um eignarhald á virkjunarrétti vatnsfalla og gjald fyrir nýtingu virkjunarréttar
- Frumvarp til laga um náttúruvernd
- Tillaga til þingsályktunar um uppbyggðan veg yfir Kjöl
- Tillaga til þingsályktunar um kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi
- Breyting á gjaldskrá Landmælinga Íslands þann 6. nóvember 1998 varð stjórn tilefni mótmæla, er send voru umhverfisráðherra.
- Sigurgeir Skúlason sótti fyrir hönd félagsins aðalfund Landvermdar, sem haðinn var að Stað í Hrútafirði í 31. október 1998.
- Félagið tók sem áður þátt í samstarfi við EUROGEO – samtök evrópskra landfræðikennara. Sótti Tryggvi Jakobsson árlegan fund samtakanna í Luxembourg.
- Beiðni barst um að félagið kæmi að iðorðastarfi fyrir fagið, sem Guðrún Ólafsdóttir og Ólafur H. Óskarsson hafa unnið að um nokkurt skeið ásamt Svavari Guðfinnssyni. Var óskað eftir sjálfbodaliðum af hinum ýmsu sviðum í þetta mikilvæga starf og lögðu nokkrir inn nöfn sín, en fleiri þurfa að slást í þann hóp. Búið er að safna miklu af hugtökum. Framundan er mikið starf við þýðingar og orðskýringar og að finna hentuga leið til útgáfu.
- Ákveðið var að efna til samkeppni um merki félagsins. Enn hefur engin tillaga borist, en þar eð vitað er að miklir grafískir hæfileikar leynast meðal félagsmanna má eflaust búast við mörgum tillögum og góðum áður en langt er liðið á næsta starfsár.
- Til umræðu kom að gefa út einblöðung til kynningar á félaginu, fræðigreininni og viðfangsefnum íslenskra landfræðinga. Til að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd vantar einungis herslumun – og dálítið af tíma og hönnunargáfu einhvers félagsmannsins.

Það er mat formanns að starf félagsins hafi verið þökkalega öflugt á starfsárinu. Möguleikarnir eru hins vegar margir á að bæta það og efla . Til þess þurfa sem flestir félagsmenn að leggja hönd á plóginn. Ég hvet alla til að koma hugmyndum sínum á framfæri við stjórnina og gefa kost á sér til starfa við einstök verkefni á vegum félagsins.

Að svo mæltu þakkar formaður þeim sem setið hafa í stjórn eða gegnt öðrum embættum á vegum félagsins fyrir vel unnin störf, svo og þeim sem flutt hafa erindi eða tekið á annan hátt þátt í starfinu á liðnu starfsári.

Reykjavík, 10. mars 1999

Karl Benediktsson, formaður Félags landfræðinga

MUNIÐ FRÆDSLUFUNDINN 14. APRÍL!